



GÆÐI OG GESTRISNI

Ferðapjónusta í
Uppsveitum
Árnessýslu 2015

Farið yfir stöðu

1 ÞRÓUN FERÐAÞJÓNUSTU Á LANDSVÍSU

Ferðaþjónusta er orðin aðalatvinnugrein Íslendinga og Uppsveitir Árnassýslu fjölsóttasta ferðamannasvæði landsins. Með sanni má segja að ferðaþjónusta snerti nú alla íbúa með beinum eða óbeinum hætti. Þessum öra vexti fylgja vissulega vaxtaverkir og það kallar á skipulag og uppbyggingu.

Gjörbreytt staða blasir við þeim sem starfa við ferðaþjónustu frá því sem verið hefur og viðfangsefni breytast sífellt. Sem dæmi um breytingar má nefna að um 81.600 erlendir ferðamenn fóru í gegnum Leifsstöð í nóvember 2015 skv. Ferðamálastofu og nemur aukningin 34,1% milli ára og svipaðar tölur mátti sjá í desember en þetta eru mánuðir sem áður fyrr voru fjarri því að vera annasamir í ferðaþjónustu.

Samkvæmt upplýsingum frá Ferðamálastofu var heildarfjöldi ferðamanna sem til landsins komu með flugi árið 2015 um 1.3 milljón og fjölgaði um 29.2% frá árinu áður (Ekki eru taldir með farþegar skemmtiferðaskipa). Þá er áætlað að gjaldeyrstekjur í ferðaþjónustunni hafi aukist um 100 milljarða króna á tveggja ára tímabili og voru 368 millj á síðasta ári skv. SAF

Störf skapast, heildarfjöldi þeirra sem starfa í ferðaþjónustutengdum greinum var 21.600 árið 2014. Frá 2010 hefur þeim fjölgað um 37,6% á meðan fjöldi starfandi alls í landinu hefur fjölgað um rúmlega 6%. (skv. Ferðamálastofu)

Hlutverk sveitarfélaga/svæða er að undirbúa jarðveginn sem ferðaþjónustan vex í. Það sem snýr að sveitarfélögunum og er mikilvægast nú eru skipulagsmálin. Mikilvægt er að taka tillit til ferðaþjónustu í allri skipulagsvinnu. Huga þarf vel að þróun mála því skipulagið er mikilvægt stjórnæki varðandi vöxt og dreifingu ferðaþjónustu. Einnig er mikilvægt að skerpa reglur og viðurlög svo svo hægt sé að bregðast við auknu álagi á náttúru og menningu.

Skipulagsmál hafa verið mjög til umfjöllunar að undanfögnu og meðal annars á árvissu ferðamálaþingi. Skipulagsstofnun hefur gefið út hefti um samspil skipulagsmála og ferðamála þar sem fjallað er um ýmsa þætti sem vert er að huga að við skipulagsvinnu s.s. heildstætt skipulag ferðamannastaða, ferðamannavegi og fleira. Hugmyndin að heftinu kviknaði í kjölfar Ferðamálaþings 2013 sem Ferðamálastofa stóð fyrir í samstarfi við Skipulagsstofnun undir yfirskriftinni „Skipulag, fyrirhyggja og framtíðarsýn í íslenskri ferðaþjónustu“. Árið 2015 var yfirskriftin á þinginu “Stefnumótun svæða – Stjórnun og skipulag” (Strategic Planning for Tourism /eða svæðisáætlun í ferðaþjónustu). Markmiðið þar var að fjalla um sem flesta þætti sem hafa þarf í huga við stefnumótun svæða og beina sjónum að þeim tólum og tækjum sem sveitarfélög og aðrir skipulagsaðilar hafa úr að spila við stefnumörkun fyrir ferðaþjónustu.



Í desember 2015 kom út skýrsla um rannsókn á arðsemi sem unnin var samkvæmt samningi milli Háskólans á Bifröst og Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Þar segir meðal annars: *“Ferðamönnum hefur fjölgað um meira en 100% frá árinu 2009 til 2014. Því fylgja margar áskoranir. Ein áskorun er að styrkja innviði (vegi og aðstöðu fyrir ferðamenn) til að mæta fjárfélaglegri fjölgun ferðamanna á næstu árum. Önnur áskorun er að tryggja ferðaþjónustunni og öðrum fyrirtækjum góð rekstrarskilyrði og stöðuleika. Þriðja áskorunin er að dreifa álagi vegna ferðamanna á aðra mánuði en á háannatíma. Ferðaþjónustan hefur alla burði til að mæta þeim vexti sem spáð er með yfirvegun og án kollsteypu. Viðtöl við forsvarsmenn ferðaþjónustufyrirtækja leiddu í ljós að þeir eru mjög meðvitaðir um mikilvægi góðs orðspors á Íslandi sem ferðamannalandi”. (Bifröst. Arðsemi í ferðaþjónustu, nemendur umsjón Vilhjálmur Egilsson).*

Ferðamálastofa heldur úti könnunum og hér á eftir fara nokkur atriði sem komið hafa í ljós og vert er að gefa gaum.

- Ísland laðar einkum til sín vel stæða einstaklinga í góðum störfum með áhuga á náttúrunni.
- Ákvörðunartökuferlið að Íslandsferð getur verið langt en flestir bóka ferðina með skömmum fyrirvara.
- Flestir fá hugmyndina að Íslandsferð vegna almenns áhuga á náttúru og landinu og frá vinum og ættingjum.
- Netið er langöflugasti upplýsingamiðill erlendra ferðamanna.
- Þó svo náttúran sé aðalaðráttarafl landsins virðist íslensk menning og saga sækja í sig veðrið.
- Við val á ferðaþjónustufyrirtæki skiptir það miklu máli að það hafi viðurkennda gæðavottun.
- Langflestir koma til Íslands í frí. - Fleiri koma í pakkaferðum að vetri til en sumri.
- Dvöl ferðamanna að vetri er einkum bundin við Suðvesturhornið. Að sumri til er hins vegar meira en helmingi gistinotta varið utan höfuðborgarsvæðisins og Suðurnesja.
- Erlendir ferðamenn nýta náttúrutengda afþreyingu í miklum mæli og gefa henni góða einkunn.
- Suðurlandið er sá landshluti utan SV-hornsins sem flestir ferðamenn heimsækja.
- Íslandsferðin stendur í langflestum tilfellum undir væntingum og hafa margir í hyggju að heimsækja landið aftur.

Góðu fréttirnar þessa stundina eru: aukin arðsemi í greininni, aukin dreifing, lenging tímils, jákvæð viðhorf og upplifun ferðamanna þ.e. 95 % gesta eru ánægðir með Íslandsferðina við brottför og 85 % vilja koma aftur, sem þýðir að við erum að gera eitthvað rétt. Fjöldi gesta er ekki sama og umfang og huga þarf vel að þoli heimamanna, lands og þjóðar. Gestgjafinn verður að hafa áhuga, það þarf að skapa sátt og verum endilega minnug þess hve mikilvæg ferðaþjónustan er fyrir íslenskt hagkerfi.

Margt hefur verið gert og ekki má gera lítið úr því en það þarf að halda áfram og gera enn betur. Flestir gestir vilja fara að reglum en þeir verða að vera upplýstir, okkar skylda er að upplýsa og hafa virkt eftirlit. Hvetja ferðamenn til að hjálpa okkur við að vernda náttúruna. Hvernig náum við eyrum gestanna jú við getum notað margar leiðir og þurfum að nýta þær allar. Samkomulag um kynningarefni var rætt á árinu á málþingi og menn hvattir til gæta varúðar og sýna ábyrgð, ekki senda út myndir af athöfnum sem eru bannaðar, vanda skilaboðin út á við og var í framhaldinu gerður sérstakur gátlisti. En ljóst er að þrátt fyrir allt verða alltaf til einstaklingar sem fara út fyrir reglur og velsæmi það ráðum við ekki við en það er minnihlutinn. Markaðssetningu í breyttu umhverfi með áherslu á ábyrga ferðahegðun og fræðslu boðar Íslandsstofa nú í byrjun árs 2016.

Það er ljóst að mikil tækifæri liggja í nýsköpun og fjölbreytni í ferðaþjónustu Uppsveitum Árnassýslu. Segja má að svæðið sé frjósamur jarðvegur sem bíður frumkvöðla sem hafa áhuga á að skapa eitthvað nýtt. Nýlega kom út hjá Atvinnuvega og nýsköpunarráðuneyti aðgerðaáætlun í þágu frumkvöðla og sprotafyrirtækja og stoðkerfið býður upp á fjölbreytta aðstoð. Fjöldi einstaklinga hér um slóðir eru með hugmyndir nú þegar í byrjun árs 2016.



2 ÞRÓUN OG STEFNA Í FERÐAMÁLUM Í UPPSVEITUM ÁRNASSÝSLU

Forsaga og stöðumat 2015

Markvisst er unnið eftir stefnumótun í ferðamálum á svæðinu og stefnan endurskoðuð reglulega. Ráðist var í rannsóknir í Uppsveitum Árnassýslu 1996 í kjölfar fyrstu stefnumótunar í ferðamálum á landsvísu. Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar og Atvinnuþróunafélag Suðurlands voru samstarfsaðilar og fjölmargir íbúar tóku þátt í þeirri vinnu. Lagðir voru spurningalistar fyrir ferðaþjónustuaðila, ferðamenn, leiðsögumenn, ferðaskipuleggjendur, sveitarstjórnarmenn og íbúa. Greindir voru styrkleikar og veikleikar, tækifæri og ógnanir og lagðar fram tillögur að verkefnum. Fyrsta stefnan var fyrir árin 1998-2002 í lok þess tímabils var ráðist í endurskoðun og mótun stefnu fyrir 2004-2008 sem enn er byggt á og hún þróuð stöðugt í ljósi breytinga. Áhugavert er að skoða þær breytingar sem orðið hafa á þessu tímabili og bera saman tölur og framþróun til dagsins í dag. Við búum svo vel að eiga nú þessar tölur sem auðvelda samanburð.

Grípum niður í skýrslu um stefnumótun og aðgerðir í ferðamálum í Uppsveitum Árnassýslu 2004-2008. Þar segir að ferðaþjónusta sé stærsta atvinnugrein veraldar og taldar líkur á að erlendir ferðamenn sem heimsæki Ísland verði um 1 milljón árið 2020. Það varð hins vegar að veruleika árið 2014. Það þóttu mikil tímamót þegar fjöldi erlendra gesta fór yfir íbúafjölda landsins árið 2003 og síðan hafa hlutirnir gerst æði hratt. Þá hafa gjaldeyristekjur og velta í greininni jafnframt farið fram úr fyrri áætlunum.

Árið 2004 var áætlað skv. könnun að um 80 % erlendra ferðamanna kæmu í Uppsveitir Árnassýslu, flestir heimsækja Gullfoss, Geysi, Þingvelli en því næst Laugarvatn, Skálholt, Flúðir. Miðað við sama hlutfall og fjölda gesta tíu árum seinna má áætla að sú tala hafi verið nálægt milljón erlendir gestir 2015. Má því segja að fjöldi erlendra gesta í Uppsveitum hafi farið úr ca. 260.000 í um milljón á 12 ára tímabili eða u.þ.b. fjórfaldast.

Minnihluti erlendra gesta gisti á svæðinu segir í skýrslunni og það er ennþá raunveruleikinn að Uppsveitir eru vinsælt dagsferðasvæði þrátt fyrir að gistináttum hafi nú fjölgað. Þá segir einnig að Íslendingar séu mikilvægir fyrir ferðaþjónustu í Uppsveitum og dreifist þeir betur um svæðið en erlendu gestirnir, en umrætt ár var áætlað að 150.000 Íslendingar kæmu í nálægt 700 þúsund heimsóknum (4-5 sinnum hver) og gistu aðallega í sumarhúsum. Sambærileg tala Íslendinga fyrir árið 2015 væri væntanlega um 200.000 og hver þeirra kæmi oftast en einu sinni. Mikill vöxtur varð í ferðaþjónustu í Uppsveitunum á árunum 1996-2004 skv. úttekt. Störfum fjölgaði um 38%, sumarhúsum fjölgað um 20%, gististöðum fjölgaði og framboð afþreyingar jókst verulega.

Stöðumat árið 2015 sem byggir á upplýsingum frá ferðaþjónustuaðilum á svæðinu sýnir einnig mikla aukningu frá síðustu úttekt, en miðað við þann mikla vöxt sem varð á þessu ári (30%) má gera ráð fyrir að þær tölur séu nú þegar orðnar úreltar. Störfum hefur fjölgað töluvert á nýliðnu ári og víða er verið að byggja upp og framkvæma í Uppsveitunum.

Markmið . Ef rýnt er í skýrslurnar og borið saman til dagsins í dag, kemur í ljós að mjög margt hefur áunnist og annað er stöðugt í gangi og enn í fullu gildi. Ein og ein hugmynd hefur ekki náð fram að ganga og eru þá góðar og gildar ástæður fyrir því.

Meginmarkmið með fyrstu stefnumótunavinnunni var að: 1. Fjölga ársverkum í ferðaþjónustu, 2. Auka tekjur af ferðaþjónustu, 3. Styrkja og efla ímynd Uppsveitanna sem ferðaþjónustusvæðis í fremstu röð.

Síðan komu fjölmörg undirmarkmið: Auka gæði þjónustu, efla samkennd og samstöðu hagsmunaaðila, auka fræðslu til ferðamanna, kynna menningu og sögu, auka fjölbreytni einkum í afþreyingu, lengja dvöl hvers ferðamanns, auka neyslu gesta á svæðinu, lengja tímabilið og bæta nýtingu, auka dreifingu ferðamanna og bæta samgöngur. Þessi markmið eru í fullu gildi enn í dag og í stöðugri vinnslu. Þetta sýnir hversu framsýnir Uppsveitamenn voru strax í upphafi. Engin tilviljun réði því að slagorðið “Gæði og gestrisni “ eða “Quality and hospitality “ varð fyrir valinu, í könnunum kom skýrt fram að heimamenn voru mjög jákvæðir gagnvart ferðaþjónustu og í garð ferðamanna. Vonandi heldur það viðhorf áfram að vera í gildi þrátt fyrir hraða þróun enda mikið í húfi varðandi atvinnu og afkomu íbúa.

Þegar endurskoðun á stefnunni fór fram 2002 var áhersla lögð á þróun og nýsköpun í afþreyingu og einnig á kynningarmál og samvinnu. Meginmarkmið var áfram sem fyrr að fjölga ársverkum, auka tekjur og styrkja jákvæða ímynd Uppsveitanna ásamt fjöldi undirmarkmiða.

**Staða og þróun í Uppsveitum frá því að stefnumótun var unnin
fyrst 1998 – 2002 og í annað sinn 2004 – 2008**

	1997	2003	aukning	2014
Fjöldi starfa	170	235	38%	> 410 (afleidd störf ekki meðtalin)
Fjöldi sumarhúsa	3.400	4.100	20%	> 7.300
Fjöldi gististaða	19	30	58%	> 37 í byggð (við það bætist gisting á hálendi)
Fjöldi herbergja	411	491	19%	> 677 í byggð (eða 1889 rúm) auk þess 800 á hálendi (1889+800=samtals 2689)

2015 eru rúmin orðin um 2689 (fyrir utan nýbyggingar og stækkanir sem eru í gangi og ekki talin sumarhús í einkaeigu) árið 1997 voru þetta ca 822 rúm og árið 2003 um 982 rúm (miðað við að öll herbergi séu tveggja manna). Talan 800 rúm á hálendinu kemur frá byggingarfulltrúa og brunavörnum sem nýlega fóru fyrir þetta. Þar sem það var ekki talið sérstaklega síðast höfum við ekki samanburð. Miklar breytingar eru hér í farvatninu nýjir staðir hafa komið inn og verið er að byggja og stækka víða.

Í tölum um fjölda starfa eru ekki tekin með hin fjölmörgu afleiddu störf. Það má segja að öll störf í Uppsveitum Árnessýslu snerti ferðaþjónustu á einhvern hátt: iðnaðarmenn byggja hótél og sumarhús og annast viðhald þeirra, auk þess sem vinnuvélæigendur ýmiskonar annast jarðvinnu og mokstur. Bændur

og garðyrkjubændur framleiða matvæli (1.3 milljón ferðamanna þurfa að nærast) og margir hverjir hafa blandað ferðaþjónustu inn í búskapinn. Læknar, hjúkrunarfræðingar, prestar, lögregla, björgunarsveitir annast þjónustu við ferðamenn (bílstjórar, fararstjórar og þeir sem fara um svæðið) Í tölum um gistaðir og gistirými er ekki hægt að telja með þau fjölmörgu hús í einkaeigu sem eru í útleigu. En þeim tengjast einnig störf við umsjón og ræstingu.

Ferðamannatímabilið hefur lengst verulega í báða enda vor og haust og sums staðar allan ársins hring svo ferðaþjónustustaðir eru nú mjög margir opnir allt árið, sumir hvern einasta dag.

Samanburður í tölum frá fyrri stefnum.

1996 var áætlað að 100.000 - 120.000 erlendir gestir hafi komið í Uppsveitir

2002-2003 áætlað að 265.000 erlendir gestir hafi komið í Uppsveitir

2012 má áætla að um 435.000-470.000 erlendir gestir hafi komið í Uppsveitir

Ljóst er að ferðamenn dreifast mismunandi mikið um svæðið eins og sjá má á tölum um einstaka staði.

2002-2003 áætlað á Laugarvatn 70.000 erlendir gestir

2002-2003 áætlað á Flúðir 28.000 erlendir gestir

2012 áætlað 180.000 erlendir gestir á Laugarvatn

2012 áætlað 60.000 erlendir gestir á Flúðir

Vert er að minna á að Íslendingar eru mikilvægur og fjölmennur markhópur á þessum stöðum.

Slagorðið **Gæði og gestrisni** er enn í fullu gildi og aldrei brýnna ef eitthvað er.

Áfram er unnið að því að auka arðsemi, fá ferðamenn til að skilja meira eftir, leitast við að fá þá til að fara víðar um svæðið og stoppa lengur. Mikilvæg málefni eru skipulag, reglur, eftirfylgni, fræðsla, gæðamál. Orðsporið er dýrmætt, munum það.


3 MÁLAFLOKKAR STEFNU

3.1 SKIPULAG OG STJÓRNUN FERÐAMÁLA

Framsýni og skilningur sveitarstjórnarmanna í Uppsveitum hvað varðar samvinnu í ýmsum málaflokkum þar með talið ferðaþjónustu hefur orðið mörgum öðrum svæðum til fyrirmyndar. Embætti ferðamálafulltrúa hér var með þeim fyrstu á landinu stofnað 1998 og heyrir það beint undir oddvitanefnd. Ferðamálaráð Uppsveitanna var sett á laggirnar síðla árs 2014, í því eiga sæti fjórir fulltrúar þ.e. einn frá hverju sveitarfélagi og er því ætlað að vera stuðningur við ferðamálafulltrúa í starfi. Það samstarf er í mótun en gert er ráð fyrir að ráðið komi saman tvisvar til þrisvar á ári. Atvinnu- og ferðamálanefndir eru starfræktar í hverju sveitarfélagi og eru verkefni þeirra mismunandi eftir stöðum og á tímabilum.

3.2 MATUR ÚR HÉRAÐI -VEITINGAR

Eitt af markmiðum stefnu var áhersla á staðareinkennandi hráefni/matvæli. Mikil framþróun hefur orðið og aukið framboð af veitingum tengdum heimabyggð og matvörum beint frá býli. Hér er nú fjölbreytt úrval og gerjun hugmynda. Matur tengist beint menningu lands og þjóðar og ferðamönnum finnst spennandi að upplifa og smakka mat tengdan þeim stöðum sem heimsóttir eru. Í Uppsveitum eru starfræktir markaðir á sumrin og garðyrkjubændur og bændur selja í auknu mæli vörur beint frá býli. Flestir veitingastaðir á svæðinu leggja áherslu á hráefni úr héraði. Efnt hefur verið til ýmissa samstarfsverkefna á þessum vettvangi. Skipulagðar matarupplifunarferðir og námsferðir tengdar “local food”. Framundan er námsferð sérfræðinga frá Skotlandi hópur sem mun að kynna sér matarmenningu og ferðaþjónustu. Hér er sannkölluð matarkista.



Verslun. Ekki hefur orðið mikil breyting á verslunum sem slíkum en eins og fyrr segir mun meira um heimasölu, markaði.


3.3 AFPREYING

Í stefnumótun var lögð áhersla á að ferðamenn vilji gjarnan læra og taka þátt. Töluverð þróun hefur orðið og aukið framboð fjölbreyttrar afþreyingar í boði á svæðinu. Má nefna: gönguferðir, hestaferðir, siglingar, hjólreiðar, ferðamannafjós, gróðurhúsaheimsóknir, hestasýningar, gestastofur, söfn, sýningar, sund, gufa, sleðaferðir, veiði, matur, menning, saga, heilsa, handverk, listir. Alls kyns þemaferðir eru skipulagðar um svæðið.



3.4 GISTING

Gistiframboð hefur aukist og gistimöguleikar í öllum flokkum, tjaldsvæði, skálar, bústaðir, heimagisting, gistiheimili, hótél og hostel. Margir eru að byggja við og auka gistipláss, enda gista nú fleiri hér um slóðir en áður þó dagsferðalangar séu einnig fjölmennir.



Hálendið og ferðaþjónusta. Mikil uppbygging hefur verið á fjöllum. T.d. í Skálpanesi og Kerlingarfjöllum sem eru nú fjölsóttir staðir og víðar hafa skálar verið endurnýjaðir. Öflug umræða hefur verið um Kjalveg og fleiri fjölsótta hálendisvegi, gott aðgengi er mikilvægt og í því felast forvarnir. Ekkert er ósnortið þegar milljón manns fara um landið.

4 ÚTGÁFA —MARKAÐSSETNING — KYNNING- UPPLÝSINGAMIÐLUN

Lögð er áhersla á að styrkja og efla ferðaþjónustu með öflugum kynningastarfi. Uppsveitirnar eru kynntar sameiginlega sem eitt svæði en jafnframt hluti af stærri heild Suðurlandi. Síðbreytilegt umhverfi og örar framfarir í tækni hafa gjörbreytt vinnubrögðum á þessum vettvangi. Internetið, bókunarvélur, samfélagsmiðlar eru mikilvægar upplýsingaveitur og stöðugt í framþróun sem fylgja þarf eftir og fylgjast vel með.

Áhugaverð þróun virðist vera að eiga sér stað varðandi það hvar hugmynd að Íslandsferð kviknar hjá ferðamönnum. Flestir nefna sem fyrr almennan áhuga á landi og náttúru en þetta hlutfall hefur hins vegar lækkað jafnt og þétt. Að sama skapi hækkar hlutfall þeirra sem nefna vini, ættingja og Internetið sem

helstu uppsprettu upplýsinga áður en ferð er farin. Í nýlegum könnunum kemur fram að kvikmyndir, heimildamyndir, sjónvarpsþættir og tónlistarmyndbönd sem sýna íslenska náttúru skipta mjög miklu máli í þessu samhengi. Þessi þróun bendir til vaxandi áhrifa samfélagsmiðla á ferðahegðun fólks og mikilvægi þess að viðhalda góðu orðspori áfangastaðarins.

4.1 UPPSVEITAKORTIÐ

Uppsveitakortið er nú 25 ára gamalt, endurskoðað og yfirfarið árlega. Kortið er fjármagnað af sveitarfélögum. Upplagið er 40.000 eintök, vinsælt og mikið notað kort. Umræður eru nú hafnar um breytingu á kortinu og samræmingu milli kynningarefnis á Suðurlandi öllu. Til greina kemur að fækka kortum og láta svæði skarast meira til hagræðingar fyrir ferðamenn og þá sem annast upplýsingagjöf. Spannandi verður að fara í þá þróunarvinnu með tengiliðum annarra svæða á næstunni.

4.2 UPPSVEITAVEFURINN WWW.SVEITIR.IS

Uppsveitavefurinn er gott vinnutæki þar eru geymdar upplýsingar um alla ferðþjónustuaðila á svæðinu og tenglar inn á þeirra vefi. Þar fá ferðþjónustuaðilar fría kynningu á því sem þeir bjóða uppá og einnig eru kynntir viðburðir á síðunni. Síðurnar eru tengdar netsíðum sveitarfélaganna fjögurra og inn á ýmsa kynningarvefi. Leitast er við að setja reglulega inn nýjar fréttir og myndir á vefinn. Þessi vefur virkar vel sem upplýsingaveita og uppflettistaður og svo má hoppa þaðan inn á hvern og einn þjónustuaðila. Vefurinn er nú einungis á íslensku en þróunarvinna er að hefjast með [www.south.is](http://WWW.SOUTH.IS) varðandi upplýsingar á ensku.

Landshlutavefurinn okkar er [www.south.is](http://WWW.SOUTH.IS) sem við stöndum vörð um að sé sem bestur því hann er mikilvægur gagnvart erlendum gestum, fyrst leita þeir að Íslandi öllu og því næst Norður-, Vestur-, Austur- og Suðurlandi. Framundan er þróunarvinna sem við tökum þátt í með markaðsstofunni og öðrum svæðum á Suðurlandi. Markmiðið er að tengja svæðin og einstaka staði enn betur inn í þessa upplýsingaveitu sem er nú loks einnig samræmd á landsvísu.

5 SAMSTARF

Án samvinnu er engin ferðþjónusta svo einfalt er það. Góð samvinna er milli fyrirtækja innan svæðis og utan og fjölmargir samstarfsaðilar. Má þar sérstaklega nefna fulltrúa annarra svæða og verkefna. Tengslanetið hefur stækkað til muna í gegnum árin enda er slíkt net afar miklívægt.

Markvisst er unnið að samvinnu innan svæðis og við önnur svæði, félög og stofnanir. Samvinna í samkeppni er þroskamerki, það sem gildir er að fá ferðamanninn til að stoppa sem lengst innan svæðis, fara víðar og skilja meira eftir.

6 NÁMSKEIÐ — FRÆÐSLA - MENNTUN

Fjölbreytt námsframboð er aðgengilegt fyrir ferðþjónustuaðila. Fræðslunet Suðurlands, Endurmenntun HÍ, Samtök ferðþjónustunnar (SAF), Ferðþjónusta bænda og fleiri aðilar annast fjölbreytt námskeiðahald sem nýtist greininni. Fræðslunetið og Háskólafélag Suðurlands hanna nú sérsniðin námskeið að þörfum ferðþjónustunnar. Ferðamálafulltrúi er í samráðshóp um verkefnin sem lofa góðu.

6.1 FRUMKVÖÐLADAGURINN

Frumkvöðladagur Uppsveitanna var haldinn í mars. Markmið Frumkvöðladagsins var að stuðla að nýsköpun og hvetja hugmyndaframt fólk í Uppsveitunum til dáða. Hugað var að því hvernig má komast frá hugmynd til framkvæmdar. Stoðkerfið var kynnt ásamt styrkjarmöguleikum og reynslusögum deilt. Í lok dagskrár gafst áhugasömum tækifæri til að spjalla við ráðgjafa.

Erindi fluttu Sigríður Ó. Kristjánsdóttir, verkefnisstjóri hjá Impru/Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Þórður Freyr Sigurðsson, atvinnuráðgjafi og verkefnastjóri hjá SASS og Ingunn Jónsdóttur vöruhönnuður og verkefnisstjóri hjá Háskólafélagi Suðurlands og Matís. Góð þátttaka var og vel heppnaður dagur. Nokkrir aðilar höfðu samband við ráðgjafa í framhaldi af Frumkvöðladeskinum og aldrei að vita hvenær nýjar hugmyndir verða til.

7 SAMGÖNGUR - MERKINGAR – UMHVERFISMÁL

7.1 SAMGÖNGUR

Heilmiklar vegaf framkvæmdir hafa orðið og tímamót undanfarin ár, en aldrei má slaka á. Í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa og aukins umferðarþunga þarf að lyfta Grettistaki í vegaf framkvæmdum í Uppsveitunum. Mikilvægt er að hafa opna umræðu og þrýsting á úrbætur annars gerist ekkert. Sveitarstjórnir og samgöngunefndir gegna þar lykilhlutverki. Regluleg samskipti við Vegagerðina og þingmenn kjördæmisins eru mikilvæg. Sama á við um nettengingar og gsm samband, stöðug þróun þarf að eiga sér stað og þrýstingur þarf að koma frá heimamönnum sem best þekkja til.

Umferð hefur aukist gífurlega á stuttum tíma og fæstir vegir eru byggðir fyrir slíkan umferðarþunga. Aðgengi þarf að vera gott allt árið og huga þarf að snjómokstri og hálkuvörnum. Setja þarf ákveðnar leiðir í forgang í hverju sveitarfélagi og einnig sameinast í kröfum um úrbætur á leiðum sem nýtast svæðinu í heild. Margir vegir eru nefndir til sögunnar einn er leiðin frá Flúðum að Kjóstöðum og að sjálfsögðu Reykjavegur, vegur að Stöng og Kjalvegur svo fátt eitt sé nefnt.

7.2 MERKINGAR-SKILTI-AÐGENGI

Verkefni sem stöðugt þarf að vera lifandi og ýmsir koma að. Sífelld þarf að bæta við og uppfæra. Hlutverk sveitarstjórna og samgöngunefnda er mikilvægt við að forgangsraða og fjármagna úrbætur. Á hverju ári þarf að gera ráð fyrir endurnýjun merkinga í fjárhagsáætlunum. Merkingar þurfa að vera í lagi það gefur auga leið nú þegar vaxandi fjöldi ferðamanna er á ferðinni. Því verkefni lýkur aldrei. Upplýsingar og fræðsla geta m.a. fyrirbyggt slys á fólki og skemmdir á umhverfi.



7.3 UMHVERFI

Náttúran er auðlindin í öllum skilningi. Umhverfismál og ferðamál eru samofin. Við eigum marga mikilvæga staði sem þarf að standa vörð um. Margt hefur áunnist en margt má betur fara. Úrbætur á fjölsóttum ferðamannastöðum eru stórt verkefni. Mikilvægt er að sveitarfélögin hafi áætlun og skipulag til lengri tíma það er mikilvægt stjórnþæki.

Umhverfisáætlanir og umhverfisnefndir. Miklar framfarir og breytingar hafa orðið, reglur og úrræði hafa

vaxið, en alltaf þarf að halda áfram. Á brattann var að sækja áður fyrr þegar umhverfismál þóttu sérviska og fá úrræði voru fyrir þá sem höfðu áhuga. Nýlega var efnt til málþings í Skálholti um umhverfismál með sérfræðingum og ljóst er að æ fleiri láta sig málið varða og leggja sitt af mörkum, enda hver og einn mikilvægur. Ýmsar viðurkenningar í ferðaþjónustu tengjast umhverfismálum.

8 LOKAORÐ

Ferðaþjónusta er mikilvægt byggðamál. Þau störf sem hafa verið að skapast undanfarið, einkum á landsbyggðinni eru í ferðaþjónustu og tengdum greinum. Erfitt er að meta ferðaþjónustu til fulls í tölum og til fjár þar sem hún fléttast í raun inn í allt og áhrifanna gætir svo víða. Ferðaþjónusta hefur t.d. áhrif á alla verslun, matvælaframleiðslu, byggingariðnað, löggæslu, heilsugæslu og hvers kyns þjónustu.

Þær eru margar áskoranirnar sem blasa við okkur í framtíðinni og eru skipulag og gæðamál þar ofarlega á blaði. Samvinna er einnig klassík sem aldrei fellur úr gildi. Það er bjart framundan, góðar bókanir og spár. Fleiri ferðaþjónustufyrirtæki geta ráðið heilsársstarfskrafta í ljósi lengri opnunartíma og með auknum umsvifum eykst arðsemi. Stór áskorun eru húsnæðismálin! Mikill skortur er á húsnæði á svæðinu sem er hamlandi þáttur.



Nýir aðilar eru að koma fram á sjónarsviðið, nýir frumkvöðlar að stíga sín fyrstu skref og þeir sem á undan komu eru stöðugt að þróa sína vöru og þjónustu og byggja upp sína staði og bæta. Nú þegar í byrjun árs 2016 eru nýir aðilar komnir fram með hugmyndir.

Bjartsýni, jákvæðni og kraftur eru okkar sérstaða, höldum því áfram. Uppsveitir Árnassýslu ferðaþjónustusvæði í fremstu röð engin spurning.

Hlakka til áframhaldandi samstarfs og uppbyggingar með góðu fólki.
Ásborg Arnþórsdóttir, ferðamálafulltrúi
janúar 2016



9 VIÐAUKI

Örerindi flutt á Landsþingi KÍ á Selfossi „Hækkum flugið“ í október 2015.

Það má segja að öll séum við í ferðabjónustu á Íslandi í dag, greinin hefur snertingu við nánast allt og alla. Til dæmis þarf heilmikið til að metta milljón munna.

Fólk ferðast vegna náttúrunnar en saga og menning eru samofin henni á hverjum stað.

Maður – náttúra – ferðamenn- allt þarf þetta að vera í jafnvægi.

Við búum í lifandi landi, náttúruöflin sjá til þess að það er síbreytilegt.

Allt er breytingum háð! Við getum sannarlega ekki stjórnað öllu - en sumu getum við stýrt.

Það þarf víða að taka til hendinni og umfram allt að hugsa í lausnum.

Við þurfum að viðhalda auðlindinni um leið og við nýtum hana. - Hagsmunir eru oft misjafnir jafnt innan ferðabjónustu sem utan. Það eru stórir aðilar og litlir, Höfuðborgin og landsbyggðin og eignarhald á náttúrunni er flókið. Við verðum að mætast á miðri leið.

Mikilvægt er að gagnkvæm virðing sé höfð að leiðarljósi og við verðum að hlusta hvert á annað og brýnt er að atvinnugreinin sjálf axli ábyrgð. - Mikið vald liggur hjá ferðaskipuleggjendum.

Það þurfa ekki allir að vera á sama stað á sama tíma. Og við þurfum að fræða gestina.

Siðareglur ferðabjónustunnar er eitthvað sem við þyrftum að skoða rétt eins og gæðamálin.

Skipulagsmál eru stór málaflokkur sem snýr mjög að ferðabjónustunni. - Við erum svo góðu vön höfum verið fá til þessa og haft nóg pláss. - Líka vön að geta farið alveg „ofaní“ alla áfangastaði !

En þróunin víða um heim- er í þá átt að færa mannfjöldann fjær -til að verja þannig vinsæla staði.

Margt jákvætt er í farvatninu, nýútkomin stefnumótun og landnýtingaráætlanir í farvegi og efla þarf slíka samræmingu enn frekar. Að lokum- Nokkur lykilorð

„Gæði og gestrisni“ Það þurfum við alltaf að hafa í huga. Hvernig tökum við á móti gestum og hvernig viljum við láta taka á móti okkur. Ferðamenn eru ekki sérstakur þjóðflokkur – við erum stundum í þeirra sporum.

Orðsporið fer víða og hratt- við þurfum að standa vörð um það !- Vanda okkur og hafa gæðin í fyrirrúmi. Að vera sannur, og alls ekki vera öll eins, heldur leggja okkur fram um að viðhalda sérstöðunni. Við megum aldrei týna okkar menningu - Verum meðvituð um eigin rætur.

Við sjálf þurfum að sýna gott fordæmi og fá fólk í lið með okkur.

Flestir vilja fara að reglum og það er okkar að upplýsa, ferðamenn og hvetja til góðrar umgengni.

Vissulega eru alltaf einhverjir sem fara út af sporinu og þá þurfum við að geta brugðist við.

Hafa virkt eftirlit og skýr viðurlög.

Það má nýta og njóta ef gætt er að á sama tíma að verja og vörða.

Tökum langtíma skynsemi fram yfir skammtíma hagsmuni.

– Stutta útgáfan gæti hins vegar verið hreinlega „Hækkum flugið“

svo ferðamennirnir skilji meira eftir hér til uppbyggingar !